

Gildir frá 01.01.2024

Kalt vatn

Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

Sala á köldu vatni er undanþegin virðisaukaskatti.

Almenn vatnsnotkun:

Tegund	Svæði	Kr.	Grunnur
Fastagjald	Reykjavík og Akranes	5.370	kr/matseining / ár
Fermetragjald		208,42	kr/m ² / ár

Tegund	Svæði	Kr.	Grunnur
Fastagjald	Álftanes	7.816	kr/matseining / ár
Fermetragjald		303,31	kr/m ² / ár

Tegund	Svæði	Kr.	Grunnur
Fastagjald	Stykkishólmur	7.004	kr/matseining / ár
Fermetragjald		271,78	kr/m ² / ár

Tegund	Svæði	Kr.	Grunnur
Fastagjald	Grundarfjörður	7.855	kr/matseining / ár
Fermetragjald		345,76	kr/m ² / ár

Tegund	Svæði	Kr.	Grunnur
Fastagjald	Borgarbyggð og Úthlíð	8.918	kr/matseining / ár
Fermetragjald		392,56	kr/m ² / ár

Skýringar:

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu (fastanúmer) og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign í samræmi við ofangreind lög.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur á fasteign með öðrum mannvirkjum er undanþegið fastagjaldi.

Vatnsgjald er miðað við byggingarvísitölu og uppfæriskv. henni í nóvember ár hvert.

Vatnsgjaldið fer aldrei yfir 0,5 % af fasteignamat.

Fyrir vatnsveitur í sumarhúsabyggðum verður árlegt vatnsgjald þó að lágmarki kr. 41.901.

Heimilt er Veitum að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagningarinnar.

Fyrirtæki greiða notkunargjald auk vatnsgjalds, skv. lögum (7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004).

Tegund	Kr.	Grunnur
Notkunargjald	44,70	kr/m ³
Byggingavatn	206,44	kr/dag

Skýringar:

Notkunargjald er miðað við byggingarvísitölu og uppfæriskv. henni á 3ja mánaða fresti.

Heimilt er að innheimta notkunargjald samkvæmt áætlun, ef ekki er unnt að koma við mælingu. Byggingavatn er aðgangur að vatni til byggingaframkvæmda eða skammtímanotkunar og uppfæriskv. byggingarvísitölu á 3ja mánaða fresti.

Fast gjald á fyrirtæki, háð stærð mælis:

Stærð mælis	Fast gjald	Fast gjald fyrir brunna ¹	Grunnur
15 mm	53,22	177,61	kr/dag
20 mm	54,16	178,55	kr/dag
25 mm	69,74	194,11	kr/dag
32 mm	78,15	202,53	kr/dag
40 mm	94,03	218,44	kr/dag
50 mm	114,99	239,43	kr/dag
65 mm	155,12	279,23	kr/dag
80 mm	300,97	425,63	kr/dag
100 mm og stærri	316,41	441,16	kr/dag

Skýringar:

Fast gjald stendur fyrir föstum kostnaði óháðum notkun. Gjöldin eru uppfærð á 3ja mánaða fresti í samræmi við byggingarvísitölu.

¹Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

Verðskrá sjóveitu:

Inntak (mm)	Heimæðagjald Kr	Fastagjald kr/dag	Breytilegt gjald kr/m ³
25 - 40	669.572	325,73	155,12
50 - 75	1.506.535	814,42	155,12
90 - 110	2.845.684	1.303,00	155,12

Skýringar:

Sjóveita er aðeins í boði á takmörkuðu svæði í næsta nágrenni við sjóveitulögn sem lögð hefur verið.

Gjöldin eru uppfærð á 3ja mánaða fresti í samræmi við byggingarvísitölu.

Heimæðar:

Almenn verð heimæða gilda á nýbyggingarsvæðum þar sem inntaksrými er samkvæmt skilmálum. Verð gilda ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum, þar greiðir umsækjandi samkvæmt kostnaðaráætlun. Almennt gildir að verðskrárverð eru grunnverð og ekki veittur afsláttur frá þeim. Geri húseigandi, sveitarfélag eða lóðarhafi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitafélags ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna, inntaksbúnaðar og á inntaksstað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

Tengigjöld í þéttbýli:

Neðangreind verð miðast við að umsækjandi hafi lagt ídráttarrör á frostfríu dýpi frá tengistað Veitna við lóðarmörk að inntaksstað í húsi sem Veitur hafa samþykkt. Stærð heimæðar tekur mið af tilgreindu vatnsmagni í umsókn en stærð heimæðar fyrir íbúðarhúsnæði tekur mið af fjölda íbúða (töppunarstaða). Tengigjöld bera ekki virðisaukaskatt og verðið er uppfært á 3ja mánaða fresti miðað við byggingarvísitölu.

Taxti	Nafnmál Tommumál	Þvermál inntaks	Verð kr.
H1K	1"	32 mm	350.513
H1K	1¼"	40 mm	500.909
H1K	1½"	50 mm	715.842
H1K	2"	63 mm	1.036.126
H1K	2½"	75 mm	1.369.508
H1K	3"	90 mm	1.833.386
H1K	4"	110 mm	2.527.525
H1K	6"	180 mm	5.557.765
H1K	8"	225 mm	7.942.481
H1K	10"	280 mm	11.269.821

Skýringar:

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi, fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af tengigjaldi viðkomandi málstærðar. Stærri heimæðar en 110 mm (4") eru gjaldfærðar í samræmi við raunkostnað, miðað er við sömu uppfærslureglu eftir stærðum og í töflunni og til viðbótar er tekið mið af flutningsgetu götu- eða stofnæðar sem aðliggjandi er.

Byggingavatn og brunnar:

Byggingavatnaskrani til og með 50 mm	Verð kr.
Uppsettur byggingavatnaskrani, heildarvinna ¹	114.050
Aftenging byggingavatnskрана, yfirborð ófrágengið	99.036
Aftenging byggingavatnskрана, yfirborð malbik eða steypa	261.791
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhengingu ²	86.888

Skýringar:

¹ Þetta verð gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk. Veitur leggja til búnað við tengingu byggingavatns. Notandi greiðir daggjald í samræmi við verðskrá fram að aftengingu. Byggingavatnaskrani er aftengdur um leið og heimæð er tengd inn í hús samkvæmt umsókn, þá er ekki greitt sérstaklega fyrir aftengingu. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu en 50 mm er tenging gjaldfærð í samræmi við raunkostnað. Heimilt er að innheimta gjald fyrir aftengingu strax við tengingu.

² Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggja Veitur til brunninn og koma honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig tengigjald í samræmi við umsóttu stærð.

Tengigjöld fyrir frístundahús:

Staðsetning	Málstærð	Verð kr.
Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	1.016.726
Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatnsheimæð Veitna	25 mm	730.190

Skýringar:

Þessi verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Lengri heimæð en 100 m eða stærri heimæð gjaldfærast í samræmi við kostnaðaráætlun. Umsækjandi greiðir aukakostnað vegna klapparbrotts.

Önnur tengipjónusta:

Taxti	Skýring	án vsk. kr.
H10	Lágmarksgjald fyrir breytingu/færslu heimæða	75.532

Heimilt er að falla frá þessu gjaldi þar sem komið er að endurnýjun lagna.

Þjónustugjöld:

Seðilgjald eða tilkynningar- og greiðslugjald bætist við eftir því sem við á samkvæmt verði á hverjum tíma en það byggist á raunkostnaði. Jafnframt bætist við gjald vegna innheimtuviðvörðunar ef til vanskila kemur, 20 dögum eftir gjalddaga. Innheimtugjöld miðast við heimildir í reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Skýring	Kr.
Aukaálestur	6.646
Skipting reiknings ¹	3.534
Lokunargjald ²	8.306
Opnun utan dagvinnutíma ³	23.975

Skýringar:

¹ Frá 15. sept. 2015 gildir þetta einungis um veitur sem skipt var fyrir þann tíma.

Þessi þjónusta er ekki lengur í boði.

² Ef þörf verður á víðtækari framkvæmd við lokunaraðgerð eins og að grafa niður á heimæð og loka fyrir hana bætist raunkostnaður framkvæmdanna við önnur vanskilagjöld.

³ Sé óskað eftir að opnun sé framkvæmd utan dagvinnutíma.